

Rio Tinto á Íslandi  
Straumsvík Pósthólf 244  
222 Hafnarfjörður

Reykjavík, 29. ágúst 2024  
UST202306-071/H.G.  
08.07.01

## Ákvörðun um breytingu á starfsleyfi Rio Tinto

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Rio Tinto á Íslandi hf., kt. 680466-0179 (hér eftir Rio Tinto) þar sem sótt er um breytingu á starfsleyfi, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rio Tinto er með starfsleyfi frá 28. október 2021 til að framleiða allt að 212.000 tonn af áli í Straumsvík sem gildir til 28. október 2037. Starfsleyfið var lagfært þann 21. desember 2022 í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 173/2021 þar sem framleiðsluheimildin var lækkuð úr 460.000 tonnum í 212.000 tonn.

Í erindinu er sótt um breytingu á gr. 1.2 og óskað eftir að auka framleiðsluheimildina úr 212.000 tonnum í 230.000 tonn. Þann 13. júní 2023 óskaði Umhverfisstofnun óskað eftir áliti Skipulagsstofnunar um hvort breytingin kalli á endurskoðun á úrskurði Skipulagsstofnunar frá árinu 2002, sbr. 12. gr. þágildandi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar dags. 4. júlí 2023 kom fram að stofnunin taldi að umhverfismatið frá 2002 væri fullnægjandi grundvöllur til framleiðsluaukningar umfram 200.000 tonna ársframleiðslu, þ.e. úr 212.000 í allt að 230.000 tonn.

Vegna athugasemda úrskurðarnefndarinnar um vatnamál í starfsleyfi Rio Tinto í máli nr. 173/2021 óskaði stofnunin eftir mati á áhrifum á vatnshlot og var það auglýst með tillögnum. Jafnframt hefur Umhverfisstofnun ákveðið að breyta gr. 3.21 og 4.6 í starfsleyfinu sem fjalla um áhrif á vatn og vöktun.

Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfisstofnun auglýsa drög að slíkri breytingu í að lágmarki fjórar vikur, sbr. 3. mgr. sama ákvæðis. Umhverfisstofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998. Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfinu, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á tímabilinu 15. júlí til og með 12. ágúst 2024. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 15. júlí 2024 ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögnum. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, Hafnarfjarðar og Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness (b.t. heilbrigðisnefndar) sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Engin umsögn barst á auglýsingartíma.

## Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um að gera eftirfarandi breytingar á starfsleyfi Rio Tinto:

Eftirfarandi breyting er gerð á gr. 1.2:

Í stað „212.000“ tonn komi „230.000“ tonn.

Tafla í gr. 3.8 orðast svo:

<b>Mengunarefni</b>	Ársmeðaltal (kg/tonn Al)	Mánaðarmeðaltal <sup>1</sup> (kg/tonn Al)
Heildarflúoríð	0,60	0,90
Ryk	1,20	1,60
Heildarbrennisteinn reiknað sem ígildi SO <sub>2</sub> <sup>2</sup>	16,0	17,0
- þar af heildarbrennisteinn reiknað sem ígildi SO <sub>2</sub> frá rafskautum	15,0	

Gr. 3.21 orðast svo:

### Lífríki og flokkun vatns

Starfssvæði rekstraraðila er við strandsjávarvatnshlotið Straumsvík-Kjalarnes (104-1391-C) og grunnvatnshlotið Straumsvíkurstraumur (104-265-G).

Umhverfismarkmið fyrir vatnshlot eru sett fram í vatnaáætlun í samræmi við ákvæði III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Til að uppfylla umhverfismarkmiðin skulu öll grunnvatnshlot vera með góða magnstöðu og vera í góðu efnafræðilegu ástandi og öll yfirborðsvatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Samkvæmt 12. gr. laga um stjórn vatnamála má ástand vatnshlotsins ekki versna og eiga vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Upplýsingar um markmið vatnshlotanna um vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand má nálgast í Vatnavefsja. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflokka í vatnaáætlun. Vöktun vatns vegna starfseminnar skal fara fram í nágrenni álversins í samræmi við gr. 4.6, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 36/2011.

Eftirfarandi breyting er gerð á gr. 4.5:

Tilvísun í gr. 4.10 fellur brott.

Eftirfarandi breyting er gerð á 2. mgr. gr. 4.6:

Vöktun skal beinast að strandsjó tengdum við losunarstaði, s.s. flæðigryfjur, í þeim tilgangi að meta álag af völdum starfseminnar og ástand viðkomandi vatnshlots. Slíkar mælingar skulu eftir atvikum taka til samþykktra líffræðilegra og eðlisefnafræðilegra gæðapátta, auk

<sup>1</sup> Hér er átt við meðaltal almanaksmánaðar.

<sup>2</sup> Heildarbrennisteinn (sem ígildi SO<sub>2</sub>) er allur brennisteinn reiknaður sem jafngildi SO<sub>2</sub>, þar með talinn er brennisteinn sem losaður er úr súrali og brennisteinn sem er losaður sem COS. Reikna skal fyrir bæði forskaut og súral eins og allur brennisteinninn sé losaður sem SO<sub>2</sub>. Nota skal massahlutföll í útreikningunum.

efnafræðilegra gæðapátta (forgangsefni) sbr. Vatnaáætlun. Við mælingar á efnafræðilegum gæðapáttum (forgangsefni) skal nota þau viðmiðunargildi sem eru sett fram í lista III í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Vakta skal dreifingu mengunarefna í viðtaka og hugsanlegar afleiðingar þeirra á vistkerfið.

### ***Kæruheimild og kærufrestur***

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um breytingu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvaðarinnar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllt,

Sigrún Ágústsdóttir  
***forstjóri***

Hlín Gísladóttir  
***lögfræðingur***